

Samanburður á ferðatíma Strætó og einkabílsins innan höfuðborgarsvæðisins*Daði Baldur Ottósson, Ásmundur Jóhannsson, Ragnar Hafstað**Október 2022*

Í dag hafa aðeins verið gerðar samanburðarmælingar á ferðatíma Strætó og einkabílsins innan sveitarmarka Reykjavíkur fyrir akstursleiðir sem hefjast í úthverfum Reykjavíkur og enda við miðborg Reykjavíkur. Mikilvægt er að gera sambærilegar mælingar eftir öðrum aksturleiðum innan höfuðborgarsvæðisins og láta þær ná utan Reykjavíkur t.d. til og frá Hafnarfirði og Garðabæ en engar samanburðar mælingar hafa gerðar þrátt fyrir mikinn umferðarstraum eftir þessum leiðum. Slíkar mælingar geta gefið upplýsingar um samkeppnishæfi Strætó í samanburði við einkabílinn eftir mismunandi leiðum, en styttri ferðatími með almenningssamgöngum er ein af þeim úrbótum sem þykir mikilvægust meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins til þess að stuðla að aukinni notkun almenningssamgangna.

Megin markmið og tilgangur með þessari rannsókn er að bera saman aksturstíma með einkabílnum og ferðatíma með strætó milli nokkurra áfangastaða (milli búsetur- og atvinnukjarna) innan höfuðborgarsvæðisins. Rannsóknarspurning verkefnisins er að svara hversu mikill tímamismunur er milli þessara ferðamáta á annatíma. Niðurstöðurnar geta nýst sem grunnur að forgangsriðun framkvæmda í tengslum við forgangsakstursreinar strætisvagna og forgangi þeirra um gatnamót. Niðurstöðurnar er einnig hægt að nýta við endurskoðun á leiðaneti strætó.